


Tilmæli vegna rýmingar

Í skipulagi almannavarna er rýming hluti af mótvægisaðgerðum til að draga úr áhrifum hættu á samfélag og íbúa þess, áður en neyðarástand á sér stað eða á meðan neyðarástand varir. Það felur í sér að íbúar flytja á öruggari stað og síðan að þeir komist öruggir heim aftur í lok neyðarástands. Til að rýming gangi vel fyrir sig er mikilvægt að til sé áætlun um framkvæmd rýminganna.

Forboði eldgoss eru jarðskjálftar sem finnast víða og órói sem kemur fram á mælum vísindastofnana. Vísindamenn upplýsa almannavarnir um að gos sé að hefjast og þá virkja almannavarnir skipulag sitt og áætlanir. Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði.

Vegna óvissustigs er brýnt að íbúar Sveitarfélagsins Voga kynni sér eftirfarandi u pplýsingar.



- Fjölskyldumeðlimir sóttir víða um bæ
 - Börn í leik- og grunnskóla skulu sótt af foreldri eða forráðamanni. Mikilvægt að foreldrar viti ef börn eru í dagskrá utan skólastofu (íþróttum, sundi o.s.frv) á skólatíma.
 - Hver stofnun hefur sína rýmingaráætlun sem foreldrum ber að kynna sér.
 - Mikilvægt að kynna sér umferðarskipulag sem gildir í Sveitarfélaginu Vogum við rýmingu.
 - Aðilar hvattir til að sækja börn sín fótgangandi sé þessi kostur og aðstæður leyfa.
- Ekki er nauðsynlegt að koma við í söfnunarmiðstöðinni sem er í íþróttamiðstöðinni í Vogum, hún er helst ætluð þeim sem þurfa aðstoð við að komast út bænum.
- Almennar upplýsingar er hægt að fá í hjálparsíma Rauða Krossins símanúmer: 1717.
- Athugið: Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín.
- Ítarlegri upplýsingar má finna á heimasíðu Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra, www.almannavarnir.is

Fjöldahjálpastöðvar

Reykjanesbær: Sunnubraut
/Íþróttahús
Kópavogur: Kórinn
Selfoss: Vallaskóli

Aðstoð og upplýsingar

Þörf á aðstoð: Neyðarlínan - 112
Þörf á upplýsingum: Hjálparsími
Rauða Krossins: 1717





RÝMINGARÁÆTLUN VEGNA ELDGOSA Á REYKJANESI


Viðkomandi eru hverfi sem hafa verið teiknað upp í aðgerðargrunn SL og búið að setja upp rýmingarsvæði eftir kortum frá Sveitarfélaginu Vogum.

Flóttaleiðir frá bænum:

-  **Vogar-Græna hverfið** – Íbúðarhúsnæði ásamt leikskóla.
Þetta hverfi er í forgangi í rýmingu.


Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi:

Suðurgata, Brekkugata, Hvammsgata, Fagridalur, Miðdalur, Heiðardalur, Lyngdalur, Hvammsdalur og Suðurgata 1-5 er Leikskólinn.

-  **Vogar-Rauða hverfið** – Íbúðarhúsnæði, grunnskóli, sambýliskjarni eldri borgara í Akurgerði 25.
13 íbúðir alls. Þetta hverfi er í forgangi í rýmingu.


Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi:

Vogagerði, Akurgerði, Aragerði, Ægisgata, Hofgerði, Tjarnargata, Kirkjugerði, Heiðargerði og Grunnskólinn er í Tjarnargötu 1-3.

-  **Vogar-Gula hverfið** – Í þessu hverfi er íþróttamiðstöð og íþróttavöllur einnig er tjaldsvæðið og iðnaðarsvæði við höfnina.

Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi:

Mýrargata, Marargata, Hólagata, Austurgata, Egilsgata og Hafnargata.

-  **Vogar-Bláa hverfið** – Íbúðarhúsnæði-Léttur iðnaður, bæjarskrifstofur og þjónustu miðstöð bæjarins er í þessu hverfi.

Eftirfarandi götur eru í þessu hverfi:

Skyggnisholt, Breiðuholt, Lyngholt, löndalur og Heiðarholt.



NEYÐARNÚMÉR
112



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR (36KM)
REYKJAVÍK (37KM)

FLÓTTALEIÐ ÚT
ÚR BÆNUM

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

Rýming vegna eldgoss, stórra jarðskjálfta eða annara boðana Almannavarna

Flóttaleiðir frá bænum: _____

- 1 Grunnskóli
- 2 Leikskóli
- 3 Íþróttamiðstöð/söfnunarstöð
- 4 Álfagerði
- 5 Þjónustumiðstöð/slökkvistöð
- 6 Björgunarsveitin Skyggirnir
- 7 Vogahöfn
- 8 Kálfatjarnarkirkja

FLÓTTALEIÐ ÚT
ÚR BÆNUM

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR (17KM)
REYKJAVÍK (37KM)

